

Góðan daginn.

Óska eftir því að eftirfarandi afgreiðsla á umsókn Skotfélags Reykjavíkur um endurnýjun á starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar skotvallar í Álfnesi verði lögð fram á fundi íbúaráðs Kjalarnes.

### **Afgreiðslufundur**

Ár 2020 þriðjudagur 7. apríl, kl. 9:00 var haldinn 1440. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu: Óskar Í Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, og Árný Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

13. Lögð fram umsókn Skotfélags Reykjavíkur, Engjavegi 6, dags. 13. febrúar 2020, um endurnýjun á starfsleyfi til reksturs skotvallar í Álfnesi. Vísað er til 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem heimilar útgefanda starfsleyfis að framlengja gildistíma gildandi starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til 1 árs, hafi fullnægjandi umsókn um starfsleyfi borist útgefanda. Fullnægjandi starfsleyfisumsókn hefur borist. Jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa liggur fyrir. Samþykkt að framlengja gildandi starfsleyfi að hámarki til 11. mars 2021 með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum skilyrðum fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur í Álfnesi og skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir skotvelli.

Fyrirhugað er að nýta þennan tíma til frekari rannsókna á umhverfisáhrifum frá starfsemi. Niðurstöður skal nýta við afgreiðslu umsóknarinnar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tilkynningarinnar og að afgreiðslan verði lögð fram á fundi íbúaráðs.

Með kveðju,  
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit